

Ed.

815. Nefndarálit

[253. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá háttv. neðri deild með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent formanni hvers þingflokks eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umræða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umræða.

Alþingi, 15. maí 1972.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Magnús Jónsson.

Ásgeir Bjarnason.

Eggert. G. Þorsteinsson.